

AÐALFUNDUR 2021

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

4.0

ÁKVÖRÐUN STJÓRNAR UM FÉLAGSGJÖLD

Tillaga um félagsgjöld Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Lögð fram á aðalfundi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 26. maí 2021

Tillaga:

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) leggur til að sú breyting verði gerð á félagsgjöldum að þau verði 0,9% af heildarlaunum í stað 1,35% af dagvinnulaunum. Skipting félagsgjalda verði þá 0,85% af heildarlaunum í félagssjóð og 0,05% af heildarlaunum í vinnudeilusjóð. Áður var greitt af dagvinnulaunum, 1,2% í félagssjóð og 0,15% í vinnudeilusjóð.

Stjórn leggur til að hámarksgreiðsla á ári fyrir hvern félagsmann verði hækkuð í 130 þúsund krónur úr 105 þúsund krónum, að frádregnum greiðslum til vinnudeilusjóðs.

Stjórn leggur til að félagsgjöld fagaðila verði óbreytt, 10 þúsund krónur á ári.

Greinargerð:

Félagsgjöld félagsmanna Fíh voru 1,5% af dagvinnulaunum fram til ársins 2013, þegar þau voru lækkuð í 1,4%. Í kjölfarið voru þau lækkuð að nýju í 1,2% árið 2014 og hafa haldist þar síðan. Félagsgjöld félagsmanna Fíh voru 1,5% af dagvinnulaunum fram til ársins 2013, þegar þau voru lækkuð í 1,4%. Í kjölfarið voru þau lækkuð að nýju í 1,2% árið 2014 og hafa haldist óbreytt síðan.

Félagsmenn Fíh hafa greitt félagsgjöld sín einungis af föstum dagvinnulaunum. Þegar horft er á launasamsetningu félagsmanna í lok árs 2020, má sjá að dagvinnulaun eru um 73% af heildarlaunum félagsmanna. Þau 27% sem eftir standa koma til af yfirvinnu, vaktaálagi og fleiru þess háttar, en það er sá hluti sem félagsmenn hafa ekki greitt félagsgjöld af. Þetta er ólíkt flestum öðrum stéttarfélögum, þar sem félagsgjöld eru reiknuð af heildarlaunum í stað dagvinnulaunum.

Ef horft er til BHM má sjá að 24 af 27 aðildarfélögum bandalagsins reikna félagsgjöld af heildarlaunum. Til samanburðar er því ljóst að ef félagsgjöld Fíh væru reiknuð af sama grunni jafngilti það því að 0,88% af heildarlaunum félagsmanna væru greidd í félagsgjöld. Ef við berum það saman við meðalfélagsgjöld innan BHM má sjá að þau eru 0,95% af heildarlaunum á móti 0,88% af heildarlaunum hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga leggur því til að félagsgjöld verði framvegis reiknuð af heildarlaunum í stað dagvinnulaunum. Þá er lagt til að félagsgjaldið verði lækkað aðeins, í 0,85% af heildarlaunum, úr 0,88%. Þá er einnig lagt til að framlag í vinnudeilusjóð taki breytingum og lækki í 0,05% af heildarlaunum.

Stjórn leggur einnig til að hámarksgreiðsla á ári fyrir hvern félagsmann verði hækkuð í 130 þúsund krónur. Hámark félagsgjalda var síðast hækkað 2018, í 105 þúsund krónur. Frá þeim tíma hefur launavísitala hækkað um 16%. Því er svo komið að endurgreiðsla til félagsmanna vegna hámarksins er mun meiri en áætlanir félagsins höfðu gert ráð fyrir. Haldist félagsgjöld óbreytt má reikna með að endurgreiðslan fyrir árið 2021 verði yfir 13,2 milljónir króna, en áætlanir gerðu ráð fyrir um 4-5 milljón króna endurgreiðslu árlega. Ef hámarkið er hækkað skv. tillöggunni má gera ráð fyrir um 4,6 milljón króna endurgreiðslu vegna hámarksiðgjalda á árinu 2021.